

Orkustofnun  
Bryndís G. Róbertsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík 17. maí 2018  
UST201804-287/B.S.  
10.05.01


### **Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku á hafsbotni í Grundarfirði. Umsögn**


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um leyfi til að taka allt að 120.000 m<sup>3</sup> af mól og sandi á 10 ára tímabili í austanverðum Grundarfirði út af Grundarkampi.

Umrædd framkvæmd var tilkynnt til Skipulagsstofnunar. Í göngum sem fylgdu þeirri tilkynningu kemur fram það álit Hafrannsóknarstofnunar að líklegast sé ekki um fjölskrúðugt botndýralíf að ræða á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Stofnunin leggur til að efnistakan fari fram utan hrygningatíma og er það fyrirhugað. Ráðgert er að taka efni það fjarri landi og á það miklu dýpi að ólíklegt er talið að efnistakan muni hafa áhrif á öldu eða strauma og því sé hættu á landbroti lítil. Orkustofnun gerir kröfu um að aflað verði upplýsinga um útbreiðslu og magn efnis á fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Hér hefur að mati Umhverfisstofnunar verið gerð fullnægjandi grein fyrir helstu þáttum sem fyrir áhrifum geta orðið við umrædda efnistöku. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri